

Föstudaginn 17. maí 1996.

Nr. 22/1996.

Ákærvaldið(Björn Helgason saksóknari)
gegn**Hauki Guðjónssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 8. janúar 1996. Ákærði óskar endurskoðunar hins áfrýjaða dóms samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, en meðákærðu una héraðsdómi. Ákærði krefst sýknu af B-lið ákæru og lækkunar refsingar. Ákærvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms.

Fallist er á sakarmat héraðsdómara, að því er varðar A-kafla ákæru og færslu til refsíákvæðis. Þá er og fallist á það með héraðsdómara, að ákærði hafi verið viðstaddur, þegar víxillinn var notaður við kaupin á bifreiðinni. Gegn eindreginni neitun ákærða er ósannað, að hann hafi vitað um fölsun víxilsins. Verður hann því sýknaður fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og rofi hans á skilorðsbundinni reynslulausn þykir refsíákvörðun héraðsdómara hæfileg.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Haukur Guðjónsson, er sýknaður af broti gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Niðurstaða héraðsdóms um sekt ákærða að öðru leyti, refsingu svo og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1995.

Ár 1995, mánudaginn 11. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1046/1995: Ákærvaldið gegn G, Hauki Guðjónssyni og L, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, sem hafa verið sameinuð í eitt mál með númeri fyrra málsins, en hið síðara hefur málsnúmerið S-1192/1995.

Mál er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 17. október sl., á hendur ákærðu, G, . . ., Kópavogi, Hauki Guðjónssyni, kt. 170566-4169, áður að Hraunbæ 28 í Reykjavík, nú að Linnégatan 5 í Gautaborg í Svíþjóð, en dveljandi að Þingholtsstræti 25 í Reykjavík, og L, . . ., Njarðvík.

Í ákæru þessari segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

A. Ákærðu G og Hauki er gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 24. ágúst 1995 brotist í félagi inn í Íþróttamiðstöðina við Þorsteinsgötu í Borgarnesi og stolið örbylgjuofni, sjónvarpi, 16 dósum af gosdrykk, peningapoka, fjórum úrum, ljósmyndavél og 30.800 krónum í tékkum og reiðufé.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. Ákærðu, G, Hauki og L, er gefið að sök að hafa í maí 1993 selt í félagi Guðlaugi Jakobi Ragnarssyni, kt. 231162-3489, vegna kaupa á bifreið víxil, að fjárhæð 25.000 kr., út gefinn 18. maí sama ár, sem ákærða L samþykkti til greiðslu á gjalddaga, 15. júní 1993, og ákærði G falsaði að viðstöddum ákærðu Hauki og L með því að rita á víxilinn nafn Ólafs Ingólfssonar, kt. 100370-4849, sem útgefanda og nafn Sigfúsar Baldurssonar, kt. 060169-3819, sem ábekings.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Með skýlausum játningum ákærðu G og Hauks, sem eru í samræmi við annað, er fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa framið brot það, sem gerð er grein fyrir í A-kafla ákæru frá 17. október sl., og varðar sú háttsemi við 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá er sannað með skýlausri játningu ákærðu, L, sem er í samræmi við annað, er fram er komið í málinu, að

hún hefur framið þau brot, sem henni eru gefin að sök í C-kafla sömu ákæru og þar eru rétt færð til refsíákvæða. Loks er sannað með skýlausri játningu ákærða G, sem er í samræmi við annað, er fram er komið í málinu, að hann hefur framið það brot, sem honum er gefið að sök í ákæru frá 22. nóvember sl. og þar er rétt fært til refsíákvæðis. Brotið í 1. lið C-kafla ákæru frá 17. október sl. er framið 1993, en ekki 1994, eins og ritað er í ákæru. Þessi villa breytir þó engu um sök ákærðu, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Ákærða, L, játar aðild sína að broti því, sem ákært er fyrir í B-kafla eldri ákæru, en ákærðu G og Haukur neita sakargiftum.

Hinn 28. júní 1993 og 12. júlí 1993 voru kærðar til Rannsóknarlögreglu ríkisins falsanir nafna Ólafs Ingólfssonar og Sigfúsar Baldurssonar á víxil þann, að fjárhæð 25.000 krónur, sem gerð er grein fyrir í B-kafla ákærunnar, og 21. apríl sl. kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu Guðlaugur Jakob Ragnarsson, Krókatúni 4 a á Akranesi, og gerði grein fyrir viðskiptum sínum vegna umrædds víxils. Þá kom Guðlaugur Jakob fyrir dóminn sem vitni við meðferð málsins. Verður nú rakinn sá framburður hans, sem er á sama veg og hjá rannsóknarlögreglu.

Vitnið kveðst hafa auglýst til sölu bifreið sína af gerðinni Subaru, árgerð 1980, og var hún auglýst í smáauglýsingum DV vorið eða sumarið 1993. Hringdi brátt karlmaður í vitnið og lýsti áhuga á að kaupa bifreiðina, en hún skyldi greidd með víxli. Eftir þetta komu á fund vitnisins, sem þá var í Stigahlið 41 í Reykjavík, ákærðu Haukur og L. Lyktir á samskiptum vitnisins og ákærðu urðu þær, að vitnið samþykkti að taka víxilinn sem greiðslu fyrir bifreiðina. Vitnið man ekki, hvort ákærðu afhentu því víxilinn, en segir, að ákærða L hafi verið skráður kaupandi á afsalínu. Víxillinn var útfylltur að öllu leyti, þegar vitnið fékk hann í hendur, og telur vitnið sig geta fullurt, að ákærði Haukur hafi verið með ákærðu L í þau tvö skipti, sem hún kom á fund vitnisins vegna bifreiðarkaupanna.

Ákærða, L, var yfirheyrð vegna þessa máls af rannsóknarlögreglu 18. febrúar 1994 og viðurkenndi þá að hafa ritað nafn sitt á umræddan víxil sem greiðandi, en víxillinn hefðu þau þrjú ákærðu notað til þess að kaupa gamla Subaru-bifreið. Hefði ákærði G falsað nafn útgefanda og ákærði Haukur nafn eins framseljanda.

Ákærði Haukur skýrði svo frá í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 17. febrúar sl., að hann hefði verið með ákærðu L og ákærða G, þegar þau keyptu umrædda bifreið og notuðu til þess víxilinn, en kaupin hefðu verið sér algjörlega óviðkomandi. Kvað ákærði hin ákærðu hafa verið með víxilinn, og vissi hann ekkert, hvar eða hvenær hann var útbúinn, og ekki vitað,

að verið var að nota falsaðan víxil. Loks kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa falsað nafn Sigfúsar Baldurssonar á víxlinn.

Ákærði G var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu vegna málsins 4. apríl sl. og neitaði þá að hafa falsað nafn Ólafs Ingólfssonar á víxlinn og kannaðist ekkert við málið.

Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður rannsakaði rithendur á umræddum víxli, og var niðurstaða hans sú, að yfirgnæfandi líkur væru á því, að ákærði G hefði ritað nafn Ólafs Ingólfssonar í tilgreiningarlið svo og framsalslið útgefanda á víxlinum. Þá var það niðurstaða Haralds, að afstaða yrði ekki tekin til þess, hvort ákærði G og/eða ákærði Haukur hefði ritað nafn Sigfúsar Baldurssonar í áritunarlið ábekings á sama víxli.

Þessi niðurstaða var kynnt ákærða G í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 25. ágúst sl., og viðurkenndi hann þá að hafa falsað bæði nöfnin á víxlinn, og hefðu ákærðu Haukur og L farið og keypt bifreiðina, en hann ekki komið þar nærri.

Ákærði G neitar við meðferð málsins öllum sakargiftum samkvæmt B-kafla ákæru og kannast ekkert við víxlinn né heldur að hafa haft afskipti af kaupum á bifreið í maí 1993 í félagi við ákærðu Hauk og L, og sé það rangt í áðurgreindri skýrslu hjá RLR, þegar hann játaði að hafa átt hlut að sölu víxilsins. Kvaðst ákærði hafa verið „uppdópaður“, þegar hann gaf þessa skýrslu.

Ákærði Haukur neitar við meðferð málsins eindregið þessum sakargiftum og kannast ekki við að hafa staðið að því að selja víxlinn né að hafa verið viðstaddur, þegar hann var útbúinn, og ekki heldur að hafa haft afskipti af kaupum á bifreið í maí 1993 í félagi við ákærðu G og L. Ákærði man eftir því, að ákærðu G og L keyptu bifreið og notuðu til þess víxil, en ákærði harðneitar að hafa vitað, hvernig hann var til kominn.

Ákærða L segir sakargiftum rétt lýst í B-kafla ákæru, og hafi hún ásamt meðákærðu í maí 1993 selt Guðlaugi Jakobi umræddan víxil. Ákærða segir, að ákærði G hafi ritað á víxlinn nöfnin Ólafur Ingólfsson og Sigfús Baldursson, og hafi ákærði Haukur einnig verið viðstaddur. Segir ákærða, að víxillinn hafi verið falsaður í herbergi að Grensásvegi 14, þar sem ákærða og ákærði G bjuggu á þeim tíma, og hafi ákærði Haukur verið viðstaddur fölsunina og vitað, hvað um var að vera. Tilgangurinn með fölsuninni var að kaupa bifreiðina, sem víxillinn var notaður við að kaupa. Ákærða segir, að hún og ákærði Haukur hafi verið saman, þegar víxillinn var afhentur seljanda bifreiðarinnar á heimili hans. Ákærða man ekki, hver var skráður eigandi bifreiðarinnar, eftir að hún var keypt, en ákærða og ákærði G seldu hana síðar. Ákærði G vildi ekki fara með þeim hinum, þegar þau fóru að

sækja bifreiðina og greiða hana með vixlinum. Ákærða sagði rannsóknarlögreglu fyrst, að ákærði Haukur hefði falsað annað nafnið, en þegar vitnið fór að athuga málið frekar, sá það, að ákærði G hafði falsað þau bæði. Ákærða er ekki viss um, hvort ákærði Haukur var viðstaddur fölsunina, en ákærða kveðst hafa verið mikið undir áhrifum lyfja á umræddum tíma. Ákærða er viss um það, að ákærði Haukur var með henni, þegar víxillinn var látinn af hendi.

Með staðföstum framburði ákærðu, L, bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómnum, um aðild sína að fölsun víxilsins og sölu hans og með niðurstöðu rithandarrannsóknar, sem ákærði G viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu, að væri rétt, er sannað, að ákærðu L og G hafa átt hlut að fölsun og sölu víxilsins. Er framburður ákærða G fyrir dómnum um þetta ekki trúverðugur, og verður honum ekki treyst. Þá er sannað með framburði ákærðu, L, og vitnisins Guðlaugs Jakobs þrátt fyrir neitun ákærða Hauks, að hann hefur verið með henni, þegar víxillinn var notaður við kaupin á bifreiðinni. Verður ekki tekinn trúanlegur sá framburður ákærða Hauks, að hann hafi engin afskipti haft af kaupum bifreiðarinnar og ekki vitað um það, hvernig víxillinn var til kominn. Þykir því einnig bera að sakfella ákærða Hauk fyrir að hafa átt hlut að notkun víxilsins, sem hann hafi vitað, hvernig var til kominn. Er þetta brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Haukur hefur frá árinu 1984 hlotið tíu dóma, en hann var fyrst dæmdur 31. október 1984 í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot á 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga. Næst var ákærði dæmdur í 24.000 króna sekt 28. nóvember 1986 fyrir ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi ævilangt. Enn hlaut ákærði dóm 6. október 1987, fimm mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna í þrjú ár, fyrir þjófnað, ölvunarakstur og fyrir að aka sviptur ökuleyfi. Þá hlaut ákærði dóm 16. apríl 1988 fyrir sömu sakir, en var ekki gerð refsing. Hinn 12. júlí 1988 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundna í þrjú ár, fyrir brot á 244. gr., 257. gr., 259. gr., sömu grein, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, ölvun við akstur og að aka sviptur ökuleyfi. Var skilorðshluti dómsins frá 6. október 1987 dæmdur með og áréttað, að ákærði skyldi vera sviptur ökuleyfi ævilangt. Hinn 27. janúar 1989 hlaut ákærði fjögurra mánaða fangelsisdóm fyrir fjársvik. 21. mars 1989 hlaut hann þriggja mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað og 11. desember 1993 tólf mánaða fangelsi fyrir rán, en sú refsing var þyngd í Hæstarétti 24. júní 1993 í fimmtán mánaða fangelsi. Hinn 9. desember 1993 var ákærði dæmdur í fimm mánaða fang-

elsi, hegningarauka að hluta, fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Loks var ákærði sakfelldur með dómi 11. febrúar 1994 fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, en ekki gerð refsing. Auk þessa hefur ákærði fjórum sinnum gengist með sátt undir að greiða sektir, fyrst 1982 fyrir ölvun, þá 1985 fyrir ölvunarakstur og önnur umferðarlagabrot og gekkst þá undir sviptingu ökuleyfis í sex mánuði, enn í nóvember 1987 fyrir áfengislagabrot og loks 26. mars 1993 fyrir að aka sviptur ökuleyfi. Ákærða var 11. nóvember 1994 veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár á 200 daga eftirstöðvum refsingar. Hefur ákærði ekki afplánað þessar eftirstöðvar.

— — —

Við ákvörðun refsingar ákærða Hauks ber einnig að líta til sakaferils hans og 77. gr. almennra hegningarlaga svo og 78. gr. sömu laga, að því er snertir brotið í B-kafla eldri ákæru, en brot ákærða samkvæmt A-kafla eldri ákæru er rof á hinni skilorðsbundnu reynslulausn ákærða frá 11. nóvember 1994. Ber því samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1995, að fella þessar eftirstöðvar inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, en hún þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði.

— — —

Ákærðu bera öll bótaskyldu vegna þeirrar háttsemi, sem þau eru sakfelld fyrir. Bótakröfur þær, sem hafðar eru uppi í málinu, eru réttmætar, og ber að dæma ákærðu til þess að greiða þær, eins og nánar greinir í dómsorði, en tvær villur eru í kröfugerðinni, eins og henni er lýst í ákæru. Krafa Íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi er að fjárhæð 54.800 krónur, en ekki 54.000 krónur, og bótakrafa Kaupfélags Borgfirðinga er um vexti frá 30. desember 1993, en ekki 1995.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. og 3. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til greiðslu alls sakarkostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákærvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði G sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði Haukur Guðjónsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærða L sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu G og Haukur greiði óskipt í bætur Ingimundi Ingimundarsyni vegna Íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi 54.800 krónur ásamt almennum vöxtum frá 24. ágúst 1995 til 11. desember 1995, en dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu, G, Haukur og L, greiði óskipt í bætur Guðlaugi Jakobi Ragnarssyni, kt. 231162-3489, 25.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 15. júní 1993 til greiðsludags.

— — —

Ákærðu greiði hvert um sig skipuðum verjanda sínum 45.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærði G Sigmundi Hannessyni hestaréttarlögsmanni, ákærði Haukur Hilmar Ingimundarsyni hestaréttarlögsmanni og ákærða L Þórunni Guðmundsdóttur hestaréttarlögsmanni. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 45.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.
